

Útdráttur

Eftirfarandi verkefni er unnið sem lokaverkefni á Kennarabraut, í leikskólakennarafræði við Kennaraháskóla Íslands á vormisseri 2008. Tilgangur verkefnisins er að varpa ljósi á tvítýngi, hvað það er og hvað fræðimenn hafa um það að segja. Við vinnslu verkefnisins viðaði ég að mér gögnum um efnið frá bæði íslenskum og erlendum fræðimönnum.

Í verkefninu fjalla ég um ýmsar hliðar tvítýngis ásamt því að skoða sérstaklega máltöku tvítýngdra barna og hvernig hún fer fram. Helstu niðurstöður verkefnisins eru þær að góður grunnur í móðurmáli er undirstaða fyrir allt annað tungumálanám. Einnig virðast kostir tvítýngis vera fleiri heldur en ókostirnir og eru tvítýngdir einstaklingar almennt taldir víðsýnni heldur en eintýngdir, ásamt því að vera fjölþættari í hugsun. Tvítýngd börn virðast jafnframt sitja við sama borð og eintýngd börn varðandi máltöku. Orðaforði tvítýngdu barnanna er þó ekki eins mikill og eintýngdu barnanna í sömu tungumálum, en þegar tekinn er orðaforði tvítýngdu barnanna í báðum tungumálunum til samans er hann yfirleitt meiri heldur en hjá eintýngdum börnum. Síðast en ekki síst er mjög mikilvægt að leikskólakennarar séu undirbúnir undir vinnu sína með tvítýngdum börnum í leikskólum og samskipti við foreldra þeirra.